

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 30. apríl 2020
UST201901-300/H.R.A.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur þeirra frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar 5. nóvember 2019 hjá Ís 47 ehf.

Frávikin frá eftirliti 2019 eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Ársyfirlit vegna 2018, sem skilað var 27. mars 2019., uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. **Endurskoðað ársyfirlit barst 21. febrúar sl. Um fullnægjandi skil er að ræða og frávikinu telst því lokið.**
- 2. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Ábending var gerð í eftirliti 2018 er varðaði að gildandi vöktunaráætlun kveður ekki á um mælingar í sjósýnum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um þá gæðabætti sem vakta skal í strandsjó. Umhverfisstofnun óskaði því eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. **Ný vöktunaráætlun barst 15. janúar sl. og bíður samþykktar eftirlitsaðila.**

Rekstraraðili vinnur einnig eftir úrbótaáætlun varðandi þrjú eldri frávik frá eftirliti 2018. Úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi þau frávik var samþykkt með bréfi stofnunarinnar dags. 21. október 2019. Umhverfisstofnun óskaði eftir uppfærslu á tímasettri áætlun vegna neðangreindra frávika í bréfi dags. 16. janúar 2020.

Frávikin frá eftirliti 2018 eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðila ber að halda skráningar sbr. gr. 3.1 og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar vantaði vegna magns og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila frá 4. október 2019 var áætlað að skráningar hreinsiefna, sótthreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks myndu hefjast, 1. nóvember 2019.** Umhverfisstofnun féllst á framangreint og tók út skráningar í næsta eftirliti stofnunarinnar, þann 5. nóvember 2019. Skráningar höfðu ekki hafist þegar eftirlit fór fram en skv. upplýsingum frá RORUM þann 15. janúar sl. áttu þær að hefjast um hæl og var verið að ganga frá forritun vegna þess. Skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila


var forritun ekki lokið þann 26. mars sl. en skráningar eru þó hafnar í excel skrár. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.


- 2. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2017 barst 8. júní 2018 og uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar, sbr. 3. og 5. kafla starfsleyfis. Nánari útlistun er undir umfang eftirlits. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila frá 4. október sl. var verið að vinna að endurskoðun skýrslu. Endurskoðað ársyfirlit barst 21. febrúar sl. og vöktunarskýrsla ársins 2017 barst 6. apríl sl. Skilin teljast fullnægjandi og er frávíkinu því lokið.**
- 3. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvía skv. samþykktri vöktunaráætlun. Ekki er unnið eftir samþykktri vöktunaráætlun. Sjá nánari útlistun undir umfangi eftirlits. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila voru sýni tekin 25. nóvember 2019. Stofnunin óskar eftir niðurstöðu sýnatökunnar þegar hún liggur fyrir. Ný vöktunaráætlun hefur verið send stofnuninni til samþykktar. Frávíkinu telst lokið.**

Verði frávíkinu ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt


Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur


Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða